



## Umtalsverð hagvaxtaráhrif af auknum þorskveiðum


Hafrannsóknarstofnunin hefur birt veiðiráðgjöf sína fyrir næsta fiskveiðiár sem hefst 1. september. Stofnunin leggur til verulega aukna veiði á þorski og fer ráðgjöfin úr 216 þúsund tonnum í 239 þúsund tonn. Á síðasta ári námu þorskveiðar íslenskra skipa um 236 þúsund tonnum en þar af voru 221 þúsund tonn veidd á Íslandsmiðum en tæp 15 þúsund tonn á öðrum svæðum. Útflutt magn af þorski reyndist hins vegar 118 þúsund tonn eða um helmingi lægra en munurinn þarna á milli liggur í vinnslu á veiddum afla. Útflutt magn af þorski skapaði útflutningstekjur upp á tæpa 90 ma.kr. og má, að öðru óbreyttu, því gera ráð fyrir að 23 þúsund tonna aukning veiða skili tæplega 10% meira útflutningsverðmæti eða um 8,6 ma.kr. á ársgrundvelli. Hagvaxtaráhrif slíkrar aukningar útflutnings myndu verða um 0,4%. Slíkur aukning kemur þó ekki öll til á þessu ári þar sem fiskveiðiárið fylgir ekki almannaksárinu.

### Ráðlagt magn hefur aukist

Veiðiráðgjöf á þorski hefur farið vaxandi á síðustu árum. Leita þarf allt aftur til síðustu aldamóta til að finna ráðgjöf um meiri heildarafla þorsks, en fiskveiðiárið 1999/2000 lagði stofnunin til að veiðar yrðu 247 þúsund tonn. Ráðlagt magn náði lágmarki fiskveiðiárið 2008/2009 þegar ráðgjöfin hljóðaði upp á 124 þúsund tonn. Ráðgjöfin hefur síðan verið hækkuð á hverju ári síðan þá og er núna því tæplega tvöfalt meiri en fiskveiðiárið 2008/2009. Sú aukning sem nú er lögð til kemur í sjálfu sér ekki mikið á óvart enda hefur Hafrannsóknarstofnunin á síðustu árum spáð stækkun viðmiðunarstofns þorsks og þar með ráðgjöf um auknar veiðar.

### Veiðar jafnan umfram ráðgjöf

Það hefur verið fremur regla en undantekning að veiðar hafa reynst meiri en ráðgjöf. Hlutfallslegur munur var mestur fiskveiðiárið 2008/2009 þegar veiðar námu 36% umfram ráðgjöf upp á 124 þúsund tonn. Sjávarútvegsráðherra tekur ákvörðun um






heildarveiðar hverju sinni og var veiði umfram ráðgjöf á þessum tíma að réttlætt með mikilli gjaldeyrisþörf þjóðarbúsins auk erfiðrar stöðu margra sjávarútvegsfyrirtækja. Töluverð neikvæð fylgni hefur verið á milli ráðgjafar og veiða umfram ráðgjöf. Þannig hefur veiði umfram ráðgjöf verið hlutfallslega meiri eftir því sem ráðgjöfin hefur verið lægri.

### **Bættist við töluverð hagvaxtaráhrif vegna aukinna loðnuveiða**

Að öðru óbreyttu má gera ráð fyrir töluverðum hagvaxtaráhrifum af fiskveiðum á þessu ári en til viðbótar auknum þorskveiðum var loðnuvertíðin mun betri en í fyrra og má ætla að hagvaxtaráhrif loðnuvertíðarinnar nemi um 0,8%. Ófugt við þorskstofninn hefur loðnustofninn frekar leitað niður á við á síðustu árum.

### **Þorskurinn og loðnan skýra mesta breytileikann í útflutningsverðmæti**

Þorskurinn og loðnan eru þeir stofnar sem hafa skýrt mesta breytileikann í útflutningsverðmæti sjávarafurða síðustu 10 ár. Á allra síðustu árum hefur útflutningsverðmæti loðnu skýrt stóran hluta af breytileikanum í heildarútflutningsverðmætinu. Áhrifin voru jákvæð árin 2010-2013 en síðan komu til verulega neikvæð áhrif árið 2014 vegna lítilla veiða. Á síðustu árum hafa áhrifin verið töluvert minni hvað útflutning á þorski snertir. Það helgast bæði af því að hlutfallslegar breytingar í veiðum eru töluvert minni en í loðnu en einnig eru öfgarnar í verðbreytingum töluvert minni. Áhrifin af þorski hafa þó verið lítillga jákvæð öll árin frá 2011 sem helgast bæði af hækkun verðs en einnig meiri veiðum.



Sýnir framlag einstakra tegunda á breytingum í heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða milli einstakra ára  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

**Comment [AS1]:** Mynd: hvert fiskveiðiár



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.